

Kennari:
Elfa Ingvadóttir
Linda María Hauksdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk, heimalestur og
önnur heimavinna

Tímafjöldi:
5 kennslustundir á viku auk vinnutíma
í Stapamixi (3 x 2 kennslustundir)

Bekkur:
8. bekkur

Íslenska í Aðalnámskrá grunnskóla

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn er virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimilum þeirra. Þetta veldur því að námsgreinin íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans.

Hlutverk íslenskukennslu og máluppeldis er víðtækt og margbrotið. Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar og ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur tengist því hversu sjálfsagt það þykir á Íslandi að læra að lesa, skrifa og beita máli svo skiljist. Íslenskukennsla hefur einnig það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnast mætti þess. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Nám í móðurmálinu á að taka mið af þessu og þar á að fræða um mál og bókmenntir og ekki síst efla færni í málnotkun. Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

Margþætt hlutverk náms í íslensku kallar á samstöðu og samstarf innan skóla um máluppeldi. Megintilgangi íslenskukennslu má skipta í fjóra þætti:

- Talað mál, hlustun og áhorf. Nemendur þurfa að fá þjálfun annars vegar í framburðar- og framsagnarþætti, og hins vegar í frásagnar-, samræðu-, rökræðu- og umræðuþætti.
- Lestur og bókmenntir. Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms. Nemandinn þarf að ná sjálfstæði í lestrinum og læra að beita aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Mikilvægt er að bæta stöðu þeirra sem gengur illa að læra að lesa. Nemendur þurfa að kynnast fjölbreyttum bókmenntum og læra að nýta bókmenntafræðileg hugtök í eldri bekkjum grunnskólans.
- Ritun: Greina má þjálfun í ritun í tvo megin þætti. Annars vegar er textinn sjálfur, svo sem val á textagerð, skipan efnisþátta, málsnið, mál og stíll. Hins vegar eru tæknileg atriði, þ.e. skrift, stafsetning, uppsetning og frágangur texta. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta, og taka uppbyggilegri gagnrýni frá öðrum og nýta hana til að bæta ritsmíðar sínar.
- Málfræði: Markmið málfræðikennslu er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

Íslenska í Stapaskóla

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	Hugmyndir nemenda 68 æfingar í heimspeki Verkefnabanki heimspekitorsins Hlaðvarpsþættir, t.d. Í ljósi sögunnar Kvikmyndir Kveikjur Verkefni á Nearpod og Padlet	<ul style="list-style-type: none"> – flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða – tekið þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum – tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstyður þær – hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar – notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar – gert rökstudda grein fyrir skoðun sinni á efni sem hann hlustar og/eða horfir á – nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekur afstöðu til þess sem þar er birt – eigi góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi 	<p>Yndislestur</p> <p>Lestur fræðitexta</p> <p>Upplestur</p> <p>Frásagnir</p> <p>Samræður</p> <p>Málfundir</p> <p>Rökæfingar</p> <p>Leikræn tjáning</p> <p>Hlustunarverkefni</p> <p>Hljóð- og myndupptökur</p> <p>Innlögn</p> <p>Áhorf</p> <p>Umræðu- og spurnaraðferð</p> <p>Hugtakavinna</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p>
Lestur og bókmenntir	Yndislestrarbækur nemenda Indiáninn Korkusaga Efni frá kennara Verkefni á Nearpod	<ul style="list-style-type: none"> – lesið almenna texta af öryggi og með skilningi – útskýrt mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi – valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur – greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta – lesið, túlkað og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir 	<p>Vettvangsferðir</p> <p>Þjálfunaræfingar</p> <p>Þrautalausnir</p> <p>Ferliritun</p> <p>Skapandi vinna</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Leiðbeinandi samtöl</p>

		<ul style="list-style-type: none"> – beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði svo sem sjónarhorni og sögusviði, hugtökum um myndmál – þekkt algeng hugtök í bragfræði og getur nýtt þau við gerð ferskeytlu – lesið og túlkar ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum – leitað og aflar sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og getur lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis – unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum – valið sér lesefni til gagns og ánægju og getur komið fram sem sjálfstæður lesandi. 	
Ritun	<p>Textar og hugmyndir nemenda</p> <p>Efni frá kennara</p>	<ul style="list-style-type: none"> – skrifað skýrt og greinilega – beitt reglum um réttritun – nýtt forrit til að leiðrétta stafsetningu og málfar – notað helstu aðgerðir við ritvinnslu – notað orðabækur og önnur hjálpargögn – skipað efnisatriðum í samhengi og mótar málsgreinar og efnisgreinar – tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færir rök fyrir þeim í rituðu máli – samið texta frá eigin brjósti – beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi – valið viðeigandi heimildir, vísar til þeirra og setur í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um – skrifað rafrænan texta og tengir texta, mynd og hljóð eftir því sem við á 	

Málfræði	Textar nemenda Efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> – beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess – valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið – gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann – nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun – flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtir sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna – áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og getur nýtt þá þekkingu til að bæta eigin texta og annarra – notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt – útskýrt þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í því skyni að auðga orðaforðann – gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni – nýtt sköpunarmátt tungumálsins m.a. við ritun, tal, í orðaleikjum og skáldskap – gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, og sýnir ábyrgð við að bæta mál sitt 	
Námsmat:	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur og alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í námi.</p> <p>Lesfimiþróf eru þrisvar sinnum yfir veturinn og lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir tvisvar yfir árið. Ritunarverkefni verða lögð fyrir til námsmats fjórum sinnum á árinu.</p> <p><i>Viðmið í lestri:</i> Miðað er við að nemendur nái að lesa 180 orð á mínútu við lok 8. bekkjar og haldi síðan áfram að bæta lesskilning og hæfni til að túlka texta.</p> <p>Logos læsis skimun er lögð fyrir nemendur að vori.</p>		

Tenglar á kennsluefni sem nefnt er hér að framan:

[68 æfingar í heimspeki](#)

[Verkefnabanki Heimspekitorgsins](#)

[Í ljósi sögunnar](#)

[Kveikjur](#)

[Skólavefurinn](#) (aðgangur í Stapaskóla, útprentað efni)

[Beinagrindur](#)